



Samgöngunefnd Alþingis
B.t. Ágúst Geirs Ágústssonar nefndarritara

Reykjavík, hinn 27. nóvember 2002

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breyting á lögum um pósthjónustu (257. mál)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 20. nóvember 2002, varðandi umsögn um 257. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 19/2002 um pósthjónustu. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið.

BHM gerir ekki athugasemd við framlengingu einkaréttar enda sé þess gætt í lagareglum eða rekstrarleyfisskilyrðum að rekstrarleyfishafi gæti hófs í verðhækkunum. Út af því þykir nýlega hafa brugðið við stórkostlega og fyrirvaralitra hækkun á fjöldadreifingum sem hefur komið sér illa fyrir samtök á borð við BHM sem af þessum sökum hafa breytt útgáfustefnu sinni nokkuð þannig að vefmiðlar verði notaðir í auknum mæli. Slíkar breytingar geta komið niður á þeim sem ekki hafa aðgang að slíkum miðlum og verðhækkunir á borð við þær sem um ræðir eru til þess fallnar að draga úr póstsendingum, einkum á landsbyggðinni.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar BHM e.u.,

Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.